

Starfsáætlun leikskólans

HAUSTATGÖRNI



fyrir skólaárið 2019 -2020

Um leikskólann

Naustatjörn er leikskóli staðsettur við Hólmatún 2 í Naustahverfi og rekur Akureyrarbær skólann. Skólinn hóf starfsemi í nýju húsnæði 18. ágúst 2003 og hefur því starfað í 16 ár. Fyrstu árin voru fjórar deildir við skólann, 18. ágúst 2009 opnaði fimmta deildin og 7. ágúst 2012 bættist sjötta deildin við í húsnæði Naustaskóla. Skólastjóri á komandi starfsári er Jónína Hauksdóttir.

Starfsáætlun þessi tekur gildi þann 1. september 2019 og er skilað til Fræðslusviðs Akureyrar og Foreldraráðs Naustatjarnar.

Tölulegar upplýsingar um börn

Fjöldi barna er 131 börn, 69 drengir og 62 stúlkur. Dvalarstundir fyrir haustið eru áætlaðar 1032 en flest börn eru í 8,0 tíma vistun eða meira. Sérkennsla við skólann er í heildina 2,90% staða sem skiptist á aðila innan sérkennsluteymis en því eru sérkennslustjóri og þeir kennarar sem sinna einstaklingssérkennslu og deildarstuðningi. 11 börn eru tvítyngd frá 9 löndum. Börnin eiga foreldra frá eftirtöldum löndum; Marokkó, Nígeríu, Kína, Ungverjalandi, Tékklandi, Póllandi, Englandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda næsta skólaár er áætlaður 27,83 en fjöldi starfsmanna 32. Hlutfall fagmenntunar er áætlað um 70,71 % og hlutfall fagmenntunar í stöðugildum á deild 17,43 af 20,24 stöðugildum. Fagaðilar eru menntaðir leikskólakennarar í 14,17% stöðu og önnur fagmenntun í 3,26 % stöðu. Fagaðilar í veikindaleyfi/fæðingarorlofi eiga 4 heilar stöður.

Endurmenntunaráætlun skólans er sett upp fyrir hvert skólaár og er hún byggð á óskum kennara og þörfum skólans hverju sinni. Skólastjórnendur Naustatjarnar hvetja starfsfólk einnig til að sækja ýmis námskeið sem efla það í starfi.

Faglegar áherslur

Hugmyndafræði Naustatjarnar er byggð á kenningum John Dewey, Lev S. Vygotsky, Howard Gardner, Urie Bronfenbrenner og Jane Nelson. Hugmyndir þeirra leggja megináherslu á að börnin fái að kljást við margvísleg verkefni í gegnum leik í samræmi við hugmyndir sínar og að þau læri með því að prófa sig áfram, þ.e. þau læra af eigin reynslu eða eigin virkni og áhuga. (Dewey). Það þarf að hafa í huga að verkefni séu ögrandi og reyni á börnin þannig að þau efli þroska og vitneskju þeirra auk þess sem börnin læra í félagslegum samskiptum við aðra. (Vygotsky). Þjóða verður börnum upp á fjölbreytt viðfangsefni til að koma til móts við áhuga, þarfir (greindir) og getu barnanna. (Gardner). Einstaklingurinn víkkar út þekkingu sína og þroska með því að byggja ofan á fyrri reynslu (Bronfenbrenner). Agastefna skólans byggir á Jákvæðum aga sem er kennsla í lífsleikni og félagsfærni og þar er megináherslan á að börnum gangi betur þegar þeim líður vel, því skal ætíð mæta þeim með góðvild, festu og virðingu (Nelsen).

Aðaláhersluþáttur skólans er náttúra og umhverfi.

Nánar er hægt að kynna sér hugmyndafræði, stefnu, markmið og leiðir í Skólanámskrá Naustatjarnar.

Mat og umbætur

Fræðsluvið er búið að semja við Skólvogina sem gerir reglulega kannanir á meðal foreldra og starfsmanna þar sem ýmsir þættir verða kannaðir.

Í maí á hverju ári fylla kennarar út sjálfsmat þar sem þeir skoða sjálfa sig og starf sitt og geta sett sér persónuleg markmið til að bæta ákveðna þætti hjá sér. Kennarar fylla jafnframt út mat í anda FISKS þar sem ýmsum spurningum er svarað sem snúa að kennaranum sjálfum, tengslum hans við aðra og liðsheildina. Niðurstöður eru teknar saman og skoðað hvernig megi bæta þá þætti sem koma lakar út en aðrir. Að lokum skila kennarar inn matslista í tengslum við Jákvæðan aga. Þessi matsblöð eru hluti að innra mati skólans. Einnig er gert endurmat eftir ýmsa viðburði í skólanum til að finna hvar hægt er að gera betur eða koma til skila hvað gengur vel.

Í september árlega skila deildarstjórar mati á starfi síðasta vetrar þar sem helstu þættir starfsins eru metnir. Kennsluáætlun næsta vetrar byggist svo á þessu endurmati.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og Menningar- og menntamálaráðuneytis. Heilbrigðisyrivöld kanna aðstæður í skólanum og útisvæðið er aðalskoðað árlega af Fasteignafélagi Akureyrar.

Foreldrasamstarf

Þrír fulltrúar foreldra, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sitja í foreldraráði. Skólastjóri stýrir fundum. Foreldraráð fundar að lágmarki í október og í febrúar/mars ár hvert. Annars er boðað til funda eftir þörfum. Bæði fulltrúar foreldra og skólastjórnendur geta boðað til aukafundar.

Í stjórn Foreldrafélags Naustatjarnar sitja fimm foreldrar. Fundir stjórnar eru haldnir einu sinni í mánuði og er aðstoðarskólastjóri tengiliður við stjórnina í gegnum Facebook. Foreldrafélagið er þátttakandi í ýmsum uppkomum við skólann. Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti með hefðbundinni dagskrá aðalfunda.

Foreldrar nýrra barna eru boðaðir á kynningafund að vori með tölvupósti. Á fundinum sitja auk foreldra, skólastjóri aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar þeirra deilda sem eru með nýjaðlögun. Farið er yfir Foreldrahandbók Naustatjarnar og hvað felst í þátttökuaðlögun. Tækifæri til spurninga og umræðna eru góðar. Einnig er húsnæði skólans skoðað.

Foreldrasamtöl fara fram að hausti og að vori. Farið er í stórum dráttum yfir hvernig barninu líður í skólanum og hvernig það er statt á þroskabrautinni. Einnig er lagt upp með að foreldrar tjái sig um hvernig þeim og börnunum líkar við skólann. Þess utan geta bæði foreldrar og kennarar óskað eftir fundi hvenær sem er.

Foreldrar og afar og ömmur eru sérstaklega boðir í kaffi einu sinni yfir veturinn. Börnin undirbúa eitthvert góðgæti sem boðið er upp á með kaffinu. Börnin á hverri deild ákveða hvað þau vilja bjóða upp á og því er fjölbreytnin í fyrirrúmi á milli deilda. Er þetta einn liðurinn í því að auka þátttöku barnanna í skólastarfinu.

Foreldrar fá einnig boð um að mæta á jólaverkstæði til að fönndra með börnunum og fá kaffi og smákökur. Foreldrum er líka boðið í vorboð þar sem hver deild er með uppákomu og kaffiboð. Jafnframt eru foreldrar boðnir velkomnir í útskrift elstu barnanna og á vorhátíð. Foreldrar eru líka boðnir velkomnir í opinni viku í febrúar þar sem þeir geta tekið þátt í hefðubundnu starfi skólans.

Samstarf við grenndarsamfélag

Alltaf er hægt að leita til fræðslustjóra eða annarra starfsmanna Fræðsluviðs ef aðstæður kalla á. Leikskólaráðgjafi og fagráðgjafi v/ tölvumála koma í heimsóknir í skólann. Leikskólaráðgjafi á Fjölskyldudeild er í miklum samskiptum við sérkennslustjóra skólans og kemur til að fylgjast með ákveðnum börnum og til að hitta foreldra einstakra barna og sérkennslustjóra.

Naustatjörn og Naustaskóli starfa með Jákvæðan aga. Einnig hittast skólastjórnendur þessara skóla mánaðarlega til að ræða þætti sem snerta báða skólana. Samstarf er líka á milli nemenda, elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans eiga í samstarfi ásamt kennurum sínum.

Naustatjörn er í samstarfi við Slökkvilið Akureyrar varðandi eldvarnir. Fasteignafélag Akureyar sér svo um önnur öryggisatriði bæði úti og inni.

Skóladagatal - dagskipulag

Á meeðfylgjandi slóð er skóladagatal fyrir skólaárið 2019-2020, ef það tekur einhverjum breytingum eru þær uppfærðar jafn óðum á vefútgáfu skóladagatalsins á heimasíðu skólans <http://naustatjorn.karellen.is/Skolastarfid/Skoladagatal-og-starfsaaetlun>

Deildir skólans hafa hvert sitt dagskipulag, hins vegar eru fastir liðir eins og matartímar og hvíld á svipuðum tíma. Sem dæmi um mismunandi dagskipulag fara fyrstu hópar barna í útiveru klukkan 09:00 á morgnanna og síðustu hópar fara í seinni útiveru klukkan 15:00 á daginn.